

062/01 - Popparinn ÍS 812

Popparinn ÍS 812, fær á sig sjó út af Barðanum

Popparinn ÍS 812

Skipaskr.nr.: 2347

Smíðaður: Hafnarfirði 1999 Plast

Stærð: 7,39 brl; 5,92 bt

Lengd: 9,17 m **Breidd:** 2,78 m **Dýpt:** 1,27 m

Vél: Volvo Penta 197,00 kW **Árgerð:** 1999

Annað:

Földi skipverja: 2



Atvikalýsing

Hinn 15. júní 2001 var Popparinn ÍS 812 á leið úr veiðiferð til Flateyrar. Veður: A-7 m/sek.

Um kl. 17:00 þegar Popparinn ÍS 812 var um 6 sml. vestur af Barða og á um 8 hnúta ferð kom hnútur á bakborðs kinnungu bátsins. Ekki urðu skipverjar varir við að báturinn skemmdist við þetta en þegar í land var komið kom í ljós að töluverður sjór var í bátnum og hárfínar sprungur á kinnungi bakborðsmeginn. Að sögn skipstjórans var bræla og leiðindaveður.

Við rannsókn kom fram

- að skv. veðurspá frá kl. 12:40 þennan dag var spáð NA- 5-8 m/sek.
- að á veðurstöðvunum á Hólum og Straumnesvita voru vindhviður um 11-12 m/sek.

Nefndarálit

Nefndin telur að ekki hafi verið sýnd nægjanleg aðgát við siglingu bátsins og sigldur hraði verið fullmikill miðað við aðstæður.